

Umsögn um mál 176, 150. löggjafarþing, þingskjal 177 –  
frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt

Reykjavík, 15. mars 2020,

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, telur þrepaskiptingu erfðafjárskatts skynsamlega ráðstöfun, þó félagið telji að frumvarpið gangi ekki nægjanlega langt þegar kemur að erfðafjárskatti á stórar upphæðir.

Erfðafjárskattur er að mati félagsins réttlát og sanngjörn leið til þess að vinna gegn kynslóðabundnum ójöfnuði og samþjöppun auðs á milli kynslóða, auk þess að vera einn sanngjarnasti skattstofn sem hið opinbera innheimtir. Sanngjarn og vel útfærður erfðafjárskattur dregur úr misskiptingu auðs sem mismunandi ríkidæmi fjölskyldna veldur. Sem dæmi má nefna að einstaklingur með 400.000 krónur í mánaðarlaun greiðir 21% í skatta eftir að persónuafsláttur og framlag í séreignarsparnað hefur verið dregið frá, eða 80.938 krónur. Erfi fólk fjármuni frekar en að vinna fyrir þeim, greiðir fólk 10% í skatta eins og löggjöfin er nú, fyrir utan skattleysi af vissri upphæð.

Með öðrum orðum: Láglaunafólk greiðir herra hlutfall af tekjum sínum í skatta en afkomendur ríkra Íslendinga greiða af fjármunum sem þeir erfa. Slíkt eykur ójöfnuð frekar en að draga úr honum. Enn verra er að boðað hefur verið stjórnarfrumvarp sem mun lækka hlutfallið niður í 5% á fyrstu 75 milljónunum (mál í Samráðsgátt nr. 242/2019).

Frumvarpið sem hér er til umsagnar gengur hins vegar ekki nógu langt í að draga úr ójöfnuði sem kemur til vegna arfs, þar sem stærra upphæðir sem ganga í arf myndu enn bera hlutfallslega lægri skattþrósentu en vinnulaun, þrátt fyrir að um geti verið að ræða mjög háar upphæðir.

Einnig telur félagið nauðsynlegt að metin verði vandlega áhrif þess að skattstofn erfðafjárskatts sé hlutur hvers og eins erfingja fremur en heildarupphæð arfs. Þá er sérstaklega vakin athygli á því að í mörgum tilfellum eru erfingjar margir og þegar það leggst saman við að skattfrelsmörk verði hækkuð í 6,5 milljónir hlýtur það eðli málsins samkvæmt að hafa töluverð áhrif á tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni.

Í þessu ljósi mælir Alda með því að Alþingi samþykki heldur þrepaskiptingu í þeim anda sem lagt er til í þessu frumvarpi frekar en í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, og að útfærð verði þrep í viðbót fyrir enn hærri upphæðir. Skoða þarf vandlega áhrif þess að skatturinn og skattleysið sé reiknað út frá hverjum erfingja fremur en heildarupphæð arfs frá dánarbúi.

Fyrir hönd Öldu,

Sævar Finnbogason, stjórnarmaður

Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. mars 2020  
Tilvísun: 202002-0037

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum (einstaklingsbundinn skattstofn, þrepaskipting), 176. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum (einstaklingsbundinn skattstofn, þrepaskipting) 176. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að í stað þess að líta til dánarbús sem andlag erfðafjárskatts líkt og nú er verði horft til arfs hvers erfingja um sig. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að skattfrelsi miðist við arfshlut hvers erfingja en ekki dánarbúið í heild og endanleg skattlagning og skatttekjur ríkissjóðs verði þar með háðar fjölda erfingja. Þá er í frumvarpinu lagt til að hlutfall erfðafjárskatts verði þrepaskipt eftir fjárhæð arfshluta sem fellur í hlut hvers erfingja. Af fyrstu 15 milljónum kr. skal greiða 10% erfðafjárskatt, næstu 15 milljónum 15% og af því sem er umfram 30 milljónir greiðist 30% skattur. Hver erfingi fær þó sérstakan frádrátt sem nemur 650.000 kr. sem gerir það að verkum að enginn skattur er greiddur af fyrstu 6.500.000 kr. arfshlut hvers erfingja. Erfðafjárskattur er í dag 10% af skattstofni dánarbús umfram 1,5 milljón króna.

ASÍ telur erfðafjárskatt almennt skilvirka og réttláta leið til tekjuöflunar sem vinnur gegn ójöfnuði og óæskilegri samþjöppun auðs milli kynslóða. ASÍ telur í því miði skynsamlegt að skoða þá leið sem hér er lögð til að þrepaskipta skattinum eftir fjárhæð arfshluta en leggst gegn breytingum sem lækka tekjur ríkissjóðs og auka ójöfnuð. Áhrif þess á tekjur ríkissjóðs að einstaklingsvæða skattlagningu erfðafjárskatts og binda skattfrelsi hverjum erfingja líkt og lagt er til í frumvarpinu eru óljós og ekki verður séð að slíkt leiði til jöfnunaráhrifa án tengingar við tekjur erfingja.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ



KPMG ehf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Nefndasvið Alþingis  
efnahags- og viðskiptanefnd  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 9. mars 2020.

### Umsögn KPMG um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt nr. 14/2004, með síðari breytingum (einstaklingsbundinn skattstofn, þrepaskipting)“ á þingskjali 177 – 176. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 21. febrúar 2020 er KPMG gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG hefur kynnt sér frumvarpið og sé ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum.

Samkvæmt gildandi lögum skal við skipti dánarbús greiddur 10% erfðafjárskattur af verðmæti eigna búsins umfram 1.500.000 kr. Í frumvarpinu er lagt til að erfðafjárskattur miðist við arfshluta hvers og eins erfingja og verði í fjórum þrepum. Af fyrstu 6.500.000 kr. arfshluta hvers erfingja greiðist enginn skattur, af næstu 8.500.000 kr. arfshluta hvers erfingja greiðist 10% skattur, af arfshluta hvers erfingja á bilinu 15.000.000 kr. til 30.000.000 kr. greiðist 15% skattur og af arfshluta hvers erfingja umfram 30.000.000 kr. greiðist 20% skattur. Í tillögunni felst að skattur hvers erfingja er reiknaður af þeim arfi sem hann hlýtur, óháð heildarverðmæti búsins og fjölda erfingja.

Ástæða er til að bera þessa tillögu saman við áform um breytingu á lögum um erfðafjárskatt sem fjármála- og efnahagsráðuneytið kynnti á samráðsgátt stjórnvalda fyrst 30. september 2019 og síðan í formi frumvarpsdraga þann 9. október 2019. Þau áform eru um að erfðafjárskattur verði í tveimur þrepum og miðist við heildarverðmæti dánarbús, 5% af fjárhæð að 75.000.000 kr. en 10% af fjárhæða þar umfram. Gert er ráð fyrir að ekki greiðist skattur af fyrstu 1.500.000 kr. af skattstofni dánarbús.

Sá eðlismunur er á tillögunum tveimur að frumvarpstíllagan er um að ákvarða hverjum og einum erfingja skattstofn, en áform ráðuneytisins eru um að viðhalda því fyrirkomulagi að ákvarða dánarbúinu skattstofn.

Frumvarpstíllaga, um sérsköttun hvers erfingja og stighækkandi skatt, á sér hliðstæðu í tekjuskatti manna. Tillagan er rökrétt að því virtu að erfðafjárskattur er í eðli sínu tekjuskattur sem kemur í stað almenns tekjuskatts við flutning eigna milli kynslóða. Rökrétt væri þá jafnframt að afnema ábyrgð erfingja, eins fyrir alla og allra fyrir einn (in solidum), á greiðslu erfðafjárskatts, með því að fella 3. mgr. 15. gr. brott úr lögnum nr. 14/2004.

Í greinargerð frumvarpsins eru tiltekin þrjú dæmi um útreikning erfðafjárskatts miðað við frumvarpstíllöguna. Dæmi 2 er um 90.000.000 króna dánarbú og þrjú erfingja. Skattur hvers erfingja yrði 3.100.000 kr. og skatttekjur ríkissjóðs 9.300.000 kr. Samkvæmt áformuðum tillögum ráðuneytisins yrði skattur hvers erfingja 1.700.000 kr. við skipti sama bús og skatttekjur ríkissjóðs yrðu 5.100.000 kr. Dæmi 3 er um 90.000.000 króna dánarbú og fjóra erfingja. Skattur hvers erfingja yrði 1.950.000 kr. og skatttekjur ríkissjóðs 7.800.000 kr. Samkvæmt áformuðum tillögum ráðuneytisins yrði skattur hvers erfingja 1.275.000 kr. við skipti sama bús og skatttekjur ríkissjóðs 5.100.000 kr.

Í greinargerð kemur fram að lækkun skatttekna ríkissjóðs er ekki markmið með frumvarpinu. Kynnt áform fjármála- og efnahagsráðuneytisins um breytingar miða hins vegar að lækkun skatttekna ríkissjóðs.

Efni og markmið tillagnanna tveggja er unnt að samþætta, með breytingu á 2. gr. frumvarpsins. Það frumvarpsákvæði gæti til dæmis hljóðað með eftirgreindum hætti:

Í stað 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Hver erfingi skal greiða erfðafjárskatt af þeim arfi sem honum fellur til við skipti dánarbús. Erfðafjárskattur hvers erfingja skal reiknaður þannig að enginn skattur reiknast af fyrstu 10.000.000 kr. arfshluta hans, af næstu 30.000.000 kr. reiknast 10% skattur, af arfshluta frá 40.000.001 kr. til 70.000.000 kr. reiknast 15% skattur og af arfshluta umfram 70.000.000 kr. reiknast 20% skattur.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um fyrirframgreiðslu arfs enda skoðist fyrirfram greiddur arfur og arfur við búskipti sem ein heild við útreikning erfðafjárskatts hvers erfingja.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu taka breytingum í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs frá upphafi til loka næstliðins árs. Ráðherra skal auglýsa nýjar fjárhæðir í upphafi hvers árs.

Miðað við þessa reikniáðferð yrði af 90.000.000 kr. dánarbúi skattur hvers þriggja erfingja 2.000.000 kr. og skatttekjur ríkissjóðs 6.000.000 kr., en væru erfingjarnir fjórir yrði skattur hvers þeirra 1.250.000 kr. og skatttekjur ríkissjóðs 5.000.000 kr. Að óbreyttum lögum yrðu skatttekjur ríkissjóðs af skipti þessa dánarbús 8.850.000 kr. óháð fjölda erfingja.

Af 90.000.000 kr. dánarbúi sem skiptist milli þriggja erfingja yrðu skatttekjur ríkissjóðs sem hér segir:

Samkvæmt tillögu frumvarpsins, 9.300.000 kr.

Samkvæmt hugmynd KPMG, 6.000.000 kr.

Samkvæmt áformum ráðuneytis, 5.100.000 kr.

Að óbreyttum lögum, 8.850.000 kr.

KPMG sér ástæða til að taka dæmi af stærra dánarbúi. Af 210.000.000 kr. dánarbúi sem skiptist milli þriggja erfingja yrðu skatttekjur ríkissjóðs sem hér segir:

Samkvæmt tillögu frumvarpsins, 33.300.000 kr.

Samkvæmt hugmynd KPMG, 22.500.000 kr.

Samkvæmt áformum ráðuneytis, 17.100.000 kr.

Að óbreyttum lögum, 20.850.000 kr.

2. málslíður 4. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Lögin taka einnig til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi, fari þau fram eftir gildistöku laganna, og álagningar erfðafjárskatts á fyrirframgreiðslu arfs vegna erfðafjárskýrslina sem berast sýslumönnum eftir gildistöku laganna.“

KPMG leggur til að málslíð þessum verði skipti í tvo málslíði er hljóði svo:

Lögin taka einnig til skipta á búum, sem eftirlifandi maki hefur setið í óskiptu samkvæmt heimild, hefjist skiptin eftir gildistöku laganna. Enn fremur taka lögin til álagningar erfðafjárskatts vegna fyrirframgreiðslu arfs, berist sýslumanni erfðafjárskýrskýrsla þar að lútandi eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt gildandi lögum getur greiðsla erfðafjárskatts af fasteignum, atvinnurekstri og eignahlutum í félögum sem hafa atvinnurekstur með höndum, leitt til þess að erfingjar sjái sig knúna til að selja viðkomandi eign til að ráða við greiðslu skattsins. Ætla má að verulegar líkur séu á að ekki fáið fullt verð fyrir hið selda við slíkar þvingaðar aðstæður, einkum af sölu atvinnurekstrar og af ráðandi hlut í félagi. Í löggjöf ýmissra ríkja, sem Ísland gjarnan ber sig saman við og leggja á erfðafjárskatt, eru ákvæði um heimild til frestunar greiðslu erfðafjárskatts af slíkum eignum. Þannig er t.d. í 36. gr. danskra laga um erfðafjárskatt (lov om afgift af dødsboer og gaver) kveðið á um heimild til greiðslufrests erfðafjárskatts, án tímamarka af fasteignum og í allt að 15 árum af atvinnurekstri og ráðandi hlutum í félögum.

KPMG leggur til að við 14. gr. laga nr. 14/2004 verði aukið þremur nýjum málsgreinum, sem verði 6. 7. og 8. mgr., og hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. er sýslumanni heimilt, eftir ósk erfingja, að fresta í allt að tíu ár gjalddaga erfðafjárskatts sem reiknaður er af fasteignum. Höfuðstóll frestaðs skatts skal bera vexti til greiðsludags í samræmi við almenna óverðtryggða vexti af peningakröfum sem birtir eru á vef Seðlabanka Íslands. Veð í fasteigninni skal standa til tryggingar ógreiddum erfðafjárskatti og vöxtum. Ef viðkomandi fasteign er seld innan greiðslufrests falla í gjalddaga höfuðstóll skuldar og áfallnir vextir 10 dögum eftir undirritun kaupsamnings um eignina. Erfingja er hvenær sem er á fresttíma heimilt að greiða að fullu erfðafjárskatt og áfallna vexti.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. er sýslumanni heimilt, eftir ósk erfingja, að veita frest á greiðslu erfðafjárskatts sem reiknaður er af hreinni atvinnurekstrareign og af ráðandi hlut í félagi sem atvinnurekstur stundar, með því skipta erfðafjárskattinum í jafnar greiðslur eina á ári í allt að 10 ár. Höfuðstóll ógreidds skatts hverju sinni skal bera vexti í samræmi við almenna óverðtryggða vexti af peningakröfum sem birtir eru á vef Seðlabanka Íslands. Áfallnir vextir skulu greiddast á sömu gjalddögum og afborganir af höfuðstól hverju sinni. Sýslumaður getur krafist erfingja um tryggingu fyrir ógreiddum erfðafjárskatti og vöxtum. Ef viðkomandi atvinnurekstur eða ráðandi hlutur í félagi er seldur falla í gjalddaga eftirstöðvar höfuðstóls skuldar og áfallnir vextir 10 dögum eftir að bindandi samningur kemst á um söluna. Erfingja er hvenær sem er á fresttíma heimilt að greiða að fullu eftirstöðvar erfðafjárskatts og áfallna vexti.

Reiknaður erfðafjárskattur af fasteign, hreinni atvinnurekstrareign eða ráðandi hlut í félagi, skv. 6. og 7. mgr., telst vera sama hlutfall af erfðafjárskatti viðkomandi erfingja og fasteignin, hreina atvinnurekstrareignin eða ráðandi hluturinn í félagi er af heildarstofni til útreiknings erfðafjárskatts erfingjans. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um forsendur og framkvæmd frestunar á greiðslu erfðafjárskatts samkvæmt 6. og 7 mgr. og um greiðslutryggingu.

Til skýringar á framangreindri tillögu að nýrri 8. mgr. 14. gr. laga nr. 14/2004 má taka eftirfarandi dæmi. Stofn til erfðafjárskatts eins af erfingjum er 50.000.000 kr. Af þeim stofni eru 40.000.000 kr. vegna fasteignar. Reiknaður erfðafjárskattur erfingjans næmi 4.500.000 kr. miðað við framangreinda hugmynd KPMG um þrepaskiptingu. Skattur sem heimilt væri að fresta næmi þá 4/5 hlutum erfðafjárskatts hans, þ.e. 3.600.000 kr. ( $4.500.000 \times 40.000.000 : 50.000.000$ ).

Virðingarfyllst,

**KPMG ehf.**



## Umsögn um 176. mál frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþings - frumvarp til laga um breytingar á erfðafjárskatti, nr. 14/2004

Samtök skattgreiðenda leggjast eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Jafnframt er ástæða til að furða sig á því hvaða siðferðilega rétt flutningsmenn telja sig hafa til tekna og eigna fólks sem fallið hefur frá umfram lögerfingja. Eina réttlæting þessarar auknu skattheimtu virðist vera að koma í veg fyrir „auðsöfnun“. „Enginn á tilkall til þess að sá sem hann stendur til arfs eftir láti eftir sig eignir í dánarbúi sem komi til skipta milli erfingja. Í lifanda lífi er hvejrurum og einum frjáls ráðstöfun eigna sinna í samræmi við lög og reglur.“ segir í greinargerð og þannig gefið til kynna að hafi hinn látni ekki ráðstafað eignum sínum fyrir andlát þá geti viðkomandi sjálfum sér um kennt að ríkið læsi krumlum sínum í þessar eignir. Hér virðist því nánast gert ráð fyrir að flestir þekki dánardægurt sitt og séu annars sáttir við að ríkið hirði eignirnar !

Þá virðast flutningsmenn ekkert hafa hugleitt hversu alvarlegar afleiðingar þessi skattheimta hefur á t.d. fjölskyldufyrirtæki, og þá sérstaklega við t.d. skyndilegt fráfall eigenda. Eignaupptaka ríkisins mun þannig valda verulegum skaða fyrir mörg slík fyrirtæki og gera kynslóðaskipti erfið. En kannski er tilgangur frumvarpsins að koma öllu að lokum undir ríkisrekstur.

Hvað er það sem færir þingmönnum „rétt“ til að eigna sér sífellt stærri hluta eigna og tekna einstaklinga í samfélaginu? Er það svo að flutningsmenn telji sig betur færa til að ráðstafa eignum þeirra sem falla frá en erfingjum þeirra? Og hafa flutningsmenn ekki gert sér grein fyrir því að þeir takmarka mjög hvata til sparnaðar og umhyggju fyrir næstu kynslóðum með þessu? Reyndar væri nær að fella niður erfðafjárskattinn með öllu. Ekki þyrfti meira til en að spara ýmis útlát sem ekkert hafa með velferðarkerfið að gera eins og t.d. stuðning við þing- og stjórn málaflokka og ótal stofnanir hins opinbera sem ekkert hafa að gera með eiginlega velferð borgaranna að gera.

Reyndar virðist frumvarpið allt vanhugsað og byggt á hreinum pópúlisma, og fjárhæðarmörk dregin upp úr hatti. Og flækjustigið margfaldað ásamt því að augljóst verður að hvati til undanskota margfaldast. Og þeir hafa best tækifærin til slíks eru þeir sem mest fjárráð hafa. Þannig mun frumvarpið jafnvel virka sem algjör andstæða þess sem ætlað er.

Virðingarfyllst,

Skafti Harðarson